



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

**Áhrif skilnaðar á samskipti foreldra og barna á
fullorðinsárum.**

Unnur Friðrikdóttir

Valgerður Halldórsdóttir
Febrúar 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Áhrif skilnaðar á samskipti foreldra og barna á fullorðinsárum.

Unnur Friðriksdóttir

021292-2309

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Valgerður Halldórsdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2017

Áhrif skilnaðar á samskipti foreldra og barna á fullorðinsárum.

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Unnur Friðriksdóttir, 2017

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2017

Útdráttur

Þróun í samfélaginu felur í sér breytingar á lífsháttum. Breytingar á framleiðsluháttum og vinnumarkaði hafa í för með sér breytingar á lífsstíl og samskiptum einstaklinga. Fjölskyldur sem eru meginstoðir samfélagsins hafa breyst að bæði formi og gerð með fleiri sambúðarform að ryðja sér til rúms. Skilnaðartíðni er að aukast og ungmenni kjósa frekar að vera í sambúð en að ganga í hjónaband. Börn sem upplifa skilnað foreldra sinna eru líklegri til þess að glíma við tilfinningaleg, geðræn og félagsleg vandamál og búa þau gjarnan við verri lífskjör. Þessi ritgerð hefur það markmið að kanna hver langtímaáhrif skilnaðar og sambúðarslita getur haft á samskipti foreldra og barna. Niðurbrot í samskiptum foreldranna eftir skilnað hefur skýrt forspágildi um aðlögunarhæfni og líðan barna í kjölfar þess og talið er að brostið eða ófullnægjandi foreldrasamstarf sé einn þáttur í því að afleiðingar skilnaðarins eldist með börnunum. Það getur einnig leitt til þess að annaðhvort foreldrið hörfi úr lífi barnsins til skemri eða lengri tíma. Þetta hefur þau áhrif að stuðningsnet ungmenna gisnar. Innlendar og erlendar rannsóknir segja að börn sem hafa upplifað skilnað foreldra sinna fá minni stuðning hvort sem um ræðir fjárhagslegan eða tilfinningalegan. Þessi þróun hefur vakið fræðimenn til umhugsunar um hvaða áhrif það gæti haft á komandi kynslóðir að fjölskyldunetið og vægi þess sé að gisna. Hætta er á að ef tengslarof milli foreldra og barna varir fram á fullorðinsár að þá sýna uppkomin börn fráskilinna foreldra svipaða hegðun og foreldrar þeirra. Þau hörfa og skortir hollustu gagnvart foreldrum sínum á efri árum.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar er samskipti foreldra og fullorðinna barna sem hafa upplifað skilnað foreldra sinna. Áhugi á efninu er í senn persónulegur og faglegur, en höfundur er uppkomið barn fráskilinna foreldra. Bestu þakkir fær Valgerður Halldórsdóttir fyrir uppbyggilegar og faglegar leiðbeiningar, Sigrún Arna systir mín og Hildur Hafsteinsdóttir fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar. Sérstakar þakkir fær unnustinn minn Ingólfur Már fyrir ómælda hvatningu og stuðning.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
Formáli.....	7
Efnisyfirlit.....	9
Töfluskrá	10
Myndaskrá	10
1 Inngangur	11
2 Skilgreiningar	13
2.1 Hvað er fjölskylda?	13
2.2 Hvað er stjúpfjölskylda	14
2.3 Skilnaður	15
3 Tölfræði	17
3.1 Umfang stjúpfjölskyldna	18
4 Löggjöf.....	21
4.1 Barnalög nr. 76/2003.....	21
4.1.1 Umgengnistálmun	24
4.2 Erfðalög nr. 8/1962.....	24
4.3 Fjölskyldukerfiskenningin (e. Family Systems Theory).	25
4.4 Félagsauður fjölskyldunnar (e. Family Social Capital).....	26
4.5 Tengslakenning John Bowlby og Mary Ainsworth.	26
5 Innlendar rannsóknir	29
5.1 Verri lífskjör	29
5.2 Langtímaáhrif.....	30
5.3 Kynslóðatengsl.....	32
6 Erlendar rannsóknir	35
6.1 Tengsl barna og foreldra.....	35
6.2 Bakland	37
7 Lokaorð og umræða	39
Heimildaskrá	43

Töfluskrá

Tafla 1: Hjónavígslur, sambúðir, lögskilnaðir og sambúðarslit á árunum 1996-2011:	
Hjónavígslur, sambúðir, lögskilnaðir og sambúðarslit á árunum 1996-2011	17
Tafla 2: Giftingar og stofnun sambúða eftir fyrri hjúskaparstétt.....	18
Tafla 3: Forsjá barna við sambúðarslit, forsjá barna við lögskilnað, foreldrar ekki í sambúð við fæðingu barns 1996–2011	19

Myndaskrá

Mynd 1: Lögskilnaðir 1951-2011	17
Mynd 2: Sambúðarslit á árunum 1991-2011.....	18

1 Inngangur

Í gegnum aldirnar hefur fjölskyldan sem stofnun skipað misháan félagslegan sess. En þó allt frá tímum Aristótelesar hefur hún verið frumhópur einstaklinga. Í dag ríkir sá háttur í fjölskyldufræðum að tala um fjölskyldur en ekki fjölskylduna þegar rætt er um hana sem samheiti og félagslegt festi. Með því að tala aldrei um hina einu sönnu fjölskyldu er verið að viðurkenna aðrar tegundir sambúðarforma og fjölskyldugerða sem hafa verið sýnilegri á síðustu árum, til dæmis stjúp-fjölskyldur (Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008). Í dag hafa barneignir frekar tilfinningalegt gildi fremur en hagsmunalegt. Það að tilheyra kjarnafjölskyldu (það er að segja þar með barn eða börn) er samt sem áður enn sú framtíðarstaða sem margir óska sér (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Skilnaðir og sambúðarslit hafa að alla jafna aukist. Skýrsla frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) um breytingar á fjölskyldugerðum lýsir áhyggjum af því hvaða áhrif það gæti haft á komandi kynslóðir að fjölskyldunetið og vægi þess sé að gisna. Þetta er ekki einungis vandamál í Evrópu en svipuð þróun í Bandaríkjunum hefur vakið fræðimenn til sömu umhugsunar (OECD, 2011; Shapiro, 2003).

Börn sem upplifa skilnað foreldra sinna eru í áhættuhópi og þarf að huga sérstaklega að félagslegum aðstæðum þeirra. Áhættuþættir eru aðalega breytingar sem varða efnahag, tengsl við fjölskyldu og stórfjölskyldu og breytingar á stöðu barns innan fjölskyldunnar. (Valgerður Halldórsdóttir, 2012; Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008). Samskipti milli foreldra í kjölfar sambandsslita þeirra geta skipt sköpum í líðan barna og ræður því meðal annars hvort afleiðingar skilnaðarins eldist með þeim eða ekki (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir, 2000; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Hætta er á að ef tengslarof milli foreldra og barna varir fram á fullorðinsár að þá sýna uppkomin börn fráskilinna foreldra svipaða hegðun og foreldrar þeirra. Þau hörfa og skortir hollustu gagnvart foreldrum sínum á efri árum (Valgerður Halldórsdóttir, 2016). Þó að sífelld fleiri aðilar séu tengdir í gegnum stjúp-tengsl er þar með ekki sagt að stuðningsnetið sé sterkara vegna fjöldans heldur þvert á móti, þar sem stjúpforeldrar veita bæði minni stuðning og fá minni stuðning (Valgerður Halldórsdóttir, 2016).

Þessi heimildarritgerð hefur það markmið að kanna hver áhrif skilnaðar eru á tengsl foreldra og barna. Þá verður sérstaklega leitast við að kanna hvernig skilnaður getur haft áhrif á samskipti foreldra og barna á fullorðinsárum. Rannsóknarspurningin er því „Hver eru áhrif skilnaðar á samskipti foreldra og barna á fullorðinsárum?“ .

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar verður farið í að skilgreina hugtökin fjölskylda, stjúp-fjölskylda og skilnaður. Í öðrum kafla verður farið yfir tölfræðilegar upplýsingar og í þriðja kafla verður farið yfir þá íslensku löggjöf er málið varðar. Í fjórða kafla verður fjallað um kenningar sem snúa að fjölskyldutengslum. Fimmti og sjötti kafli fjalla um innlendar og erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið um efnið. Að lokum verða efnisatriði ritgerðarinnar dregin saman og gert grein fyrir niðurstöðum hennar.

2 Skilgreiningar

Í þessum kafla verða hugtökin fjölskylda og stjúpjölskylda skilgreind. Þá verður einnig útskýrt hvað fellst í hugtakinu skilnaður.

2.1 Hvað er fjölskylda?

Það getur verið vandasamt að skilgreina hugtakið fjölskylda. Á Íslandi er ekki til nein ein lagaleg skilgreining á hugtakinu. Skilgreiningin á fjölskyldu lýsir gjarnan viðhorfum okkar til hennar og hvaða sess hún skipar í samfélaginu á hverjum tíma (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Fjölskylda var áður fyrr efnahagsleg stofnun þar sem hjónaband karls og konu var niðurnjörvað í þröngan laga- og samfélagsramma þar sem ekki var mikið rými fyrir valfrelsi (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Karl og kona, sem voru gift, með eitt eða fleiri börn þar sem aðeins annað foreldrið vann utan heimilis var lengi tákn hinnar sönnu fjölskyldu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Form sem viku frá þessari mynd voru ómerkilegri form til bráðabirgða, eða andfélagslegt frávík sem ekki ætti að gera ráð fyrir eða taka samfélagslega ábyrgð á (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Það getur reynst hættulegt að úthluta einni fjölskyldugerð slíku vægi, en félagsmála-, húsnæðisstefnu-, atvinnu-, skatta og skólamál mótast þá út frá þörfum hennar (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Hagstofa Íslands skilgreinir kjarnafjölskyldu sem „hjón eða sambúðarfólk með eða án barna undir 18 ára, eða einstæðir feður eða mæður með börn á framfæri undir 18 ára aldri.“ Einstaklingur 18 ára og eldri sem er ekki skráður í sambúð eða hjónaband, og sem hefur ekki barn á sínu framfæri telst vera einhleypur, jafnvel þó viðkomandi búi á sama heimili og foreldrar sínir (Hagstofa Íslands, 2016). Fjölskyldutengsl skapa börnum og fullorðnum vermireit, öryggi og skjól. Breytt samskiptamynstur, lífsskilyrði og gildi hafa breytt samböndum í lýðræðislegt tilfinningasamband tveggja einstaklinga, óháð aldri eða kyni. Parasamband ræðst af gagnkvæmri virðingu fyrir persónuleika og þörfum hins aðilans en ekki út frá efnahagslegum ávinningi eða hagsmunum (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Sigrún Júlíusdóttir skilgreinir fjölskyldu á annan hátt en Hagstofa Íslands, en hún segir eftirfarandi:

Fjölskylda er hópur einstaklinga sem eiga sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru

oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum eða einstaklingur ásamt barni eða börnum (þeirra). Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 140).

Þó að ekki sé til ein lagaleg skilgreining á hugtakinu fjölskylda að þá var skilgreining Sigrúnar Júlíusdóttur notuð í þingsályktunartillögu um mótun opinberrar fjölskyldustefnu hér á landi og auk þess styður velferðarráðuneytið sig við hana (Þingskjal 1230, 1996-1997; Velferðarráðuneytið, 2001). Skilgreining Sigrúnar leggur áherslu á kærleika og siðferðislega hollustu og hún einskorðar fjölskyldur ekki við barneignir. Þessi skilgreining nær hins vegar ekki yfir aðrar fjölskyldugerðir eins og stjúpfjölskyldur þar sem hún tekur ekki tillit til þeirra barna sem eiga fleiri en eitt heimili. Á heimilum stjúpfjölskyldna er auð auki ekki sjálfsagt að allir deili tilfinningum og séu bundnir hvor öðrum hollustu (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Þrátt fyrir það verður stuðst við þessa skilgreiningu þegar fjallað er um fjölskyldur í þessari ritgerð.

2.2 Hvað er stjúpfjölskylda

Stjúpfjölskylda er ekki sérstaklega skilgreind í lögum og Hagstofa Íslands gerir heldur ekki greinarmun á stjúpfjölskyldu og kjarnafjölskyldu (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Sumir vilja búa til ný heiti yfir stjúptengsl eins og endurreist fjölskylda eða endurbyggð fjölskylda. Ástæðan er sú að forskeytið stjúp- getur vakið upp neikvæðar tilfinningar sem litast iðulega af staðalímyndum af stjúpfjölskyldu. Staðalímyndir eru fyrir fram gefnar hugmyndir sem eru eignaðar ákveðnum hóp og litar sýn fólks á það (Valgerður Halldórsdóttir, 2012; Claxton-Oldfield, 2008). Hugtök eins og endurbyggð eða endurreist fjölskylda geta skapað meiri vanda en ella og fela þau í sér að fólk sé að reyna að endurskapa eitthvað sem var til fyrir myndun stjúptengsla (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Forskeytið stjúp- er gott að því leyti að það segir ekki til um gæði tengsla heldur einungis að þau séu til staðar. Stjúpfjölskyldur geta orðið til vegna kynhneigðar, aldurs, óháð búsetu og vegna ýmissa undanfara hvort sem um ræðir andlát, skilnað, eftir skyndikynni eða í framhjáaldi (Valgerður Halldórsdóttir, 2012)

National Stepfamily Resource Center (NSRC) er stofnun í Auburn háskólanum í Bandaríkjunum sem stendur fyrir fræðslu á sviði stjúpfjölskyldna. NSRC skilgreinir stjúpfjölskyldu þannig að foreldri gengur í hjónaband með annarri manneskju sem er ekki barnsfaðir eða barnsmóðir þess. Þá er tekið fram í skilgreiningunni þeirra að einstaklingar geta tilheyrt stjúpfjölskyldu þrátt fyrir að deila ekki með þeim heimili og

þeir geta að auki tilheyrt fleiri en einni stjúpfjölskyldu í einu (National Stepfamily Resource Center, e.d).

Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi hefur mótað skilgreiningar á stjúpfjölskyldu. Í bókinni *Hver er í fjölskyldunni?* (2012) skilgreinir hún stjúpfjölskyldu sem „... fjölskyld[u] þar sem annar eða báðir aðilar sem til hennar stofna eiga barn eða börn með öðrum aðila/um.“ (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Síðan þá hefur Valgerður mótað aðra skilgreiningu út frá sjónarhorni barna. „Barn á stjúpfjölskyldu ef annað eða báðir foreldrar þess eiga maka sem ekki eru kynforeldri/ar barnsins, og/eða barn á hálf systkini og/eða stjúp systkini“ (Valgerður Halldórsdóttir, 2016).


Skilgreiningin segir frá því hvernig tengslin komu til en ekki hvað felst frekar í þeim. Nýjasta skilgreining Valgerðar er góð lýsing á nútímastjúpfjölskyldu og verður því stuðst við hana í þessari ritgerð.

2.3 Skilnaður

Skilnaður getur verið þrenns konar. Lagalegur skilnaður er þegar hjón skilja að borði í sæng í 6 - 12 mánuði og fá síðan lögskilnað. Lögfræðileg merking hugtaksins nær einnig yfir slit á skráðri sambúð en algengara er að nota hugtakið sambúðarslit í því sambandi. Í daglegu tali er oftast um þessa tegund skilnaðar að ræða. Önnur tegund af skilnaði er þegar hjón búa ekki lengur saman og eiga ekki lengur félagslegt, tilfinningalegt eða kynferðislegt samneyti en eru lagalega tengd. Hjón gætu jafnvel búið í sitthvoru landinu. Þá er um tilfinningalegan, félagslegan og líkamlegan aðskilnað að ræða. Hjón eru lagalega tengd þó að þau deili ekki daglegum athöfnum lengur. Þriðja tegund af skilnaði er tilfinningalegur skilnaður. Það felur í sér þar sem býr saman en tilfinningar eru dofnaðar og sambandið einkennist gjarnan af áhugaleysi, samskiptaleysi og gremju. Þessi þör eru gjarnan að einhverju leyti háð hvort öðru og gætu frestað skilnaði af ótta við sjálfstæði, vegna sameiginlegra hagsmuna eða vegna ótta um að börnin þeirra komi til með að líða fyrir skilnaðinn (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Í þessari ritgerð verður fjallað um lagalegan skilnað.

3 Tölfræði

Upp úr miðri síðustu öld færðust skilnaðir mjög í vöxt á Vesturlöndum, og um 1970 reis skilnaðarbylgjan hvað hæst á Norðurlöndum. Á Íslandi reið hún yfir nokkrum árum seinna (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Á mynd 1 má sjá hvernig lögskilnaðir hér á landi hafa aukist jafnt og þétt í gegnum árin (Hagstofa Íslands, e.d-a).



Mynd 1: Lögskilnaðir 1951-2011


Uppsafnað skilnaðarhlutfall, eða hlutfall þeirra hjónabanda sem enda með skilnaði var 34% árið 2011, eftir 12,8 ára hjónaband eða um þriðjungur hjónabanda (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Í Skandinavíu og öðrum löndum í Vestur-Evrópu er algengara að ungmenni velji að ganga ekki í hjónaband en þess í stað skrá þau sig í sambúð (OECD,2011).

Í töflu 1 má sjá meðaltal hjónavígsla, sambúða, skilnaða og sambúðarslita á árunum 1996-2011. Eins og sjá má eru fleiri einstaklingar sem að skrá sig í sambúð heldur en í hjónaband, jafnframt eru sambúðarslit algengari en lögskilnaðir. Ástæðan fyrir sambúðarslitum þarf ekki að vera að að pör slíti samvistum en stundum er það vegna þess að pör ganga í hjónaband. Árið 2011 þróuðust 67% sambúða í hjónabönd (Hagstofa Íslands e.d.-a; Hagstofa Íslands e.d.-b; Hagstofa Íslands e.d.-c; Hagstofa Íslands e.d.-d)

Tafla 1: Hjónavígslur, sambúðir, lögskilnaðir og sambúðarslit á árunum 1996-2011: Hjónavígslur, sambúðir, lögskilnaðir og sambúðarslit á árunum 1996-2011

	Hjónavígslur	Sambúðir	Lögskilnaðir	Sambúðarslit
1996-2000	1.539	1.948	509	841
2001-2005	1.568	1.858	549	767
2006-2010	1.676	1.877	546	652

Á mynd 2 má sjá þróun sambúðarslita á árunum 1991-2011 (Hagstofa Íslands e.d-c).



Mynd 2: Sambúðarslit á árunum 1991-2011

OECD (2011) spáir því að þessi þróun muni halda áfram og að fólk mun síður gifta sig. Þá mun það ganga í hjónaband seinna á ævinni. Þör munu einnig kjósa að vera í sambúð frekar. OECD sér einnig fram á aukningu í sambúðarslitum og hjónabandsupplausnum (OECD, 2011).

3.1 Umfang stjúp fjölskyldna

Hluti af umbreytingarferli fjölskyldna er að fólk stofnar til nýrrar sambúðar fljótlega í kjölfar skilnaðar (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Í töflu 2 má sjá tölur yfir þær giftingar og stofnun sambúða í kjölfar skilnaða eða andláts maka (Hagstofa Íslands e.d-d; Hagstofa Íslands, e.d-e).

Tafla 2: Giftingar og stofnun sambúða eftir fyrri hjúskaparstétt

	Brúðgumar	Brúðir	Karlmenn sem stofna til sambúðar	Konur sem stofna til sambúðar
1996-2000	280	270	214	194
2001-2005	292	266	215	204
2006-2010	314	285	218	191
2011	272	240	246	233

Út frá skilgreiningunni á stjúp fjölskyldu sem stuðst er við í þessari ritgerð er ekki hægt að sjá umfang hennar í tölum Hagstofunnar. Það er þó hægt að fá ákveðnar vísendingar ef horft er á það undir hvaða kringumstæðum stjúp fjölskylda verður til. Stjúp fjölskylda getur komið til vegna skilnaðar, sambúðarslita og við andlát foreldris. Stjúp fjölskylda getur einnig orðið til þegar barn fæðist og foreldrar þess eru ekki skráðir í sambúð.

Í töflu 3 má sjá aðra vísbendingu um hvernig sambúðarhættir para eru að þróast ef horft er á aukningu fæðinga barna þar sem foreldrar eru ekki í skráðri sambúð við fæðingu. Árið 2011 voru það 16,32% af öllum fæðingum (Hagstofa Íslands e.d.-f Hagstofa Íslands e.d-g; Hagstofa Íslands e.d-h; Hagstofa Íslands e.d.-i).

Tafla 3: Forsjá barna við sambúðarslit, forsjá barna við lögskilnað, foreldrar ekki í sambúð við fæðingu barns 1996–2011

	Forsjá barna við sambúðarslit	Forsjá barna við lögskilnað	Foreldrar ekki í sambúð við fæðingu
1996-2000	692	562	533
2001-2005	656	624	649
2006-2010	566	600	696
2011	615	531	733

Á árunum 1996-2011 fæddust alls 70.105 börn á Íslandi. Af þeim börnum upplifðu 19.646 börn skilnað og sambúðarslit foreldra sinna. Jafnframt voru 10.123 fædd utan sambúðar. Allt í allt eru þetta 29.769 börn eða 42,46% allra fæddra barna (Hagstofa Íslands e.d.-f Hagstofa Íslands e.d-g; Hagstofa Íslands e.d-h; Hagstofa Íslands e.d.-i). Öll þessi börn gætu upplifað það að tilheyra stjúpfjölskyldu til skemmri eða lengri tíma einhvern tímann á lífsleiðinni. Óvíst er þó hvort þetta sé í raun svo stór hópur þar sem foreldrar geta verið í óskráðri sambúð við fæðingu barns.

4 Löggjöf

Réttur til þess að stofna fjölskyldu og friðhelgi hennar eru talin til grundvallarmannréttinda. Á Íslandi er kveðið á um þetta í 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (Hrefna Friðriksdóttir, 2013). Fjölskyldu- og erfðaréttur fjallar um náin tengsl manna. Fjölskylda er ekki skilgreind sérstaklega en fremur er talað um tengsl milli manna. Fjallað er um tengsl sem koma þá til vegna viðurkenndra sambúðarforma á borð við hjúskap og óvígðar sambúðir. Fjölskyldu- og erfðaréttur fjallar einnig um tengsl sem eru tilkomin vegna skyldleika, ættleiðingar eða tæknifrjógunar. Fjölskyldurétti er skipt í hjúskapar- og sambúðarrétt sem fjallar þá annars vegar um sambönd tveggja fullorðinna einstaklinga og hins vegar um barnarétt sem fjallar um samskipti foreldra og barna ásamt réttarstöðu þeirra. Erfðaréttur fjallar um réttarstöðu einstaklings við andlát og hverjir standa til arfs eftir hann (Hrefna Friðriksdóttir, 2013).

Í þessum kafla verður skoðað hvernig íslensk löggjöf ver hagsmuni barna og tengsl þeirra við foreldra sína.

4.1 Barnalög nr. 76/2003

Barnalög nr. 76/2003 (hér eftir barnalög) fjalla um grundvallarréttindi barna. Barnalög taka tillit til samninga Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem börn eru einstaklingar með sjálfstæð réttindi. Fyrir utan það, að kveða á um að barn hafi rétt til að lifa, þroskast og njóta verndar og umönnunar, fjalla barnalög um tengsl barna og foreldra (Hrefna Friðriksdóttir, 2013; Barnalög nr. 76/2003). Meginviðfangsefni barnalaga eru faðerni, forsjá, búseta, umgengni og framfærsla. Lögð hefur verið áhersla á að barn hefur rétt á að þekkja báða foreldra sína og njóta umönnunar og samvista við þá (Hrefna Friðriksdóttir, 2013). Liður í þeim rétti að þekkja báða foreldra sína má sjá í 1. gr. barnalaga þar sem segir að skylt er að feðra öll börn á Íslandi.

Annar liður í því að barn hafi rétt á að þekkja báða foreldra má sjá í inntaki um forsjá í 28. gr. barnalaga. Í því felst að foreldri ber að vernda barn sitt, sýna því umhyggju og virðingu og gegna uppeldisskyldum sínum sem best hentar hag barnsins og þörfum þess (Barnalög nr. 76/2003). Um þetta er einnig kveðið á í 1 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en þar stendur:

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að uppeldi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju (Barnalög nr. 76/2003).+

Við setningu barnalaga árið 1981 var gengið út frá því að við sambúðarslit foreldra færi einungis annað foreldrið með forsjá. Við breytingu á lögnum árið 1992 var komið inn ákvæði um sameiginlega forsjá. Var það þá samningur á milli foreldra sem grundvallaðist á samstarfi í foreldrastarfi, þá var ekki hægt að fá dómsúrskurð í ágreiningsmálum foreldra. Árið 2003 var sýslumanni gefin heimild til þess að úrskurða í ágreiningsmálum foreldra sem sneru að umgengni og meðlag en forsjármál gátu einnig farið fyrir dómstóla. Lagabreytingin árið 2006 styrkti ákvæði um sameiginlega forsjá enn frekar þar sem gert var ráð fyrir að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit (Þingskjal nr. 328/2011-2012) Í dag er sameiginleg forsjá í kjölfar sambúðarslita eða skilnaðar meginregla nema að annað sé ákveðið. Í 34 gr. barnalaga nr. 76/2003 er dómara gefin heimild til þess að skerast í leikinn ef ágreiningur rís um þessi mál. Sáttarmeðferð er skylda áður en höfðað er mál eða úrskurðar krafist í ágreiningsmálum hvað varðar forsjá, lögheimili, umgengni og fleira. Markmið með sáttarmeðferð er að hjálpa foreldrum að gera samning sem höfðar til barnsins og hefur hagsmuni þess að leiðarljósi (Barnalög nr. 76/2003; Þingskjal nr. 328/2011-2012; Hrefna Friðriksdóttir, 2013). Þessi ákvæði eru afleiðingar breytinga á barnalögum frá árinu 2012 eftir niðurstöður nefndar sem þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði. Nefndin hafði það hlutverk að fara yfir reglur barnalaga, og meta hvort lög um forsjá barna, búsetu og umgengni tryggðu þá hagsmuni barna sem lögin áttu að gera sem og hvort þau tækju tillit til mismunandi aðstæðna fjölskyldna í samfélaginu (Þingskjal nr. 328/2011-2012).

Stjúp- og sambúðarforeldrar hafa ákveðna réttarstöðu í barnalögum en í gr. 29.a. segir að stjúp- og sambúðarforeldrar geta fengið forsjá barna maka sinna. Er það hægt á tvennan hátt, annað hvort um leið og gengið er í hjúskap með foreldri barnsins eða eftir eitt ár ef um skráða sambúð er að ræða. Þetta á bara við ef foreldri barns fór eitt með forsjá fyrir. Fyrir árið 2012 var það svo að stjúp- og sambúðarmakar fengu sjálfkrafa forsjá en með breytingu laganna það ár var gengið út frá því að fleiri börn myndu njóta forsjá beggja kynforeldra sinna í framtíðinni og því var nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði (Þingskjal nr. 328/2011-2012; Barnalög nr. 76/2003). Við skilnað kynforeldra barna og stjúpforeldra gilda þá sömu

reglur og ef um tvö kynforeldri væri um að ræða. Forsjáin verður þá sameiginleg áfram nema annað sé ákveðið (Barnalög nr. 76/2003).

Ef foreldrar ala barn utan hjónabands eða skráðrar sambúðar fer móðir sjálfkrafa ein með forsjána nema sótt sé sérstaklega um að hún sé sameiginleg. Við gerð lagafrumvarpsins árið 2012 var þessi grein gagnrýnd lítillega á þeim grundvelli að barn ætti að hafa sjálfkrafa forsjá beggja foreldra óháð fjölskyldugerð. Þá var grundvöllur fyrir því að móðir færi ein með forsjá á að hagsmunir og þarfir barna eru oft með öðru sniði þegar foreldrar búa ekki saman við fæðingu barnsins heldur en þegar foreldrarnir eru saman. Þrátt fyrir að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á barninu, sem er þó ekki sama hugtak og bein forsjá, þá gætu aðstæður mælt gegn því að bera sjálfkrafa sameiginlega ábyrgð á forsjánni. Þannig gæti foreldri verið á móti fæðingu barnsins, fjarstætt eða ekki hæft til þess að fara með forsjána. Algild regla um sameiginlega forsjá er líka talin geta dregið úr vilja móður til að feðra barn sitt. Þannig hélst þetta ákvæði á þann hátt að móðir færi ein með forsjá (Þingskjal nr. 328/2011-2012). 46. gr. barnalaga fjallar hins vegar um umgengni, og er það þá á sameiginlega ábyrgð foreldra að barn njóti umgengni þeirra beggja. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. Í lögunum kemur ekki fram hvað telst vera samvera og samskipti, og gengið er út frá því að foreldrar semji um þessa samveru í samræmi við aldur og þroska barnsins. Fyrirkomulagið breytist gjarnan eftir því sem barn eldist og þroskast (Hrefna Friðriksdóttir, 2013). Það er mikilvægt að muna að forsjá er algjörlega óskyld því hvort barn umgangist báða foreldra og er umgengnisréttur á engan hátt háður því hvort foreldrar fara sameiginlega með forsjá eða hvort það sé í höndum annars foreldris. Þrátt fyrir að forsjá verði sameiginleg við skilnað og sambúðarslit og umgengni við báða foreldra skiptist jafnt getur barn einungis átt eitt lögheimili. Foreldrar sem eru ekki lengur saman er því skipt í annars vegar lögheimilisforeldri og umgengnisforeldri. Lögheimilisforeldri tekur allar afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins (Barnalög nr. 76/2003). Í fyrstu umræðu um lagafrumvarpið árið 2012 voru margir sem að bentu á gallann við það að eiga einungis eitt lögheimili, sbr. ummæli Guðmundar Steingrímssonar, þingmanns:

„Margt annað hefði ég líka viljað fjalla um. Ég tel til dæmis miður að ekki sé fjallað með ríkari hætti um jafna búsetu í þessu frumvarpi. Staðreyndin er sú að fjölmargir foreldrar kjósa eftir skilnað að ala barnið sitt upp saman. Barnið á þá tvö heimili en í íslenskrí löggjöf um það mál er nánast á engan hátt tekið tillit til þess.“ (Guðmundur Steingrímsson, munnleg heimild, 2. feb. 2012)

Þrátt fyrir ábendingar hefur þessu ákvæði hingað til ekki verið breytt. Við umgengni er hægt að fá úrskurð sýslumanns um inntak umgengnisréttar, skilyrði umgengninnar og hvernig þeim skal vera beitt. Ef af einhverjum ástæðum foreldri vanrækir umgengnisskyldur sínar við barnið sitt, eða ef annað foreldrið er látið á barnið rétt á umgengni við nána vandamenn þess foreldris eða aðra nákomna ef það er talið vera til hagsbóta fyrir barnið (Barnalög nr. 76/2003). Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á munnlegum upplýsingum um heilsufar og þroska barns, skóladvöl, áhugamál og félagsleg tengsl samkvæmt 52. gr. barnalaga. Það á einnig rétt á skriflegum gögnum frá skólum. Þetta felur hins vegar ekki í sér að foreldrið eigi rétt á að fá upplýsingar um hagi forsjáforeldris, sér í lagi ekki ef upplýsingagjöfin gæti verið skaðleg fyrir barnið.

4.1.1 Umgengnistálmun

Í 48. gr. barnalaga er fjallað um hvað gerist ef að foreldri virðir ekki umgengnisrétt hins foreldrisins. Í þeim tilfellum getur umgengnisforeldri farið fram á að beita dagsektum. Dagsektir geta verið allt að 30.000 krónur á dag. Þær eru ekki lagðar á fyrir lengra tímabil en 100 daga í einu nema að umgengnisforeldri fari fram á það, þá getur sýslumaður úrskurðað að dagsektirnar falla ekki niður fyrir en tálmunum hefur verið létt, eða að umgengni hafi farið fram þrisvar sinnum undir eftirliti. Dagsektir falla niður þegar tálmunum hefur verið hætt (Barnalög nr. 76/2003).

Ef forsjáforeldri hindrar umgengni barns við hitt foreldrið, þrátt fyrir úrskurð og dagsektir getur héraðsdómari dæmt að henni verði komið á með aðfaragerð. Þá er það annað hvort í eitt skipti eða umgengni á vissu tímabili. Umgengnisforeldri verður þó að fara sérstaklega fram á þetta og verður auk þess að vera viðstatt dómsúrskurði (Barnalög nr. 76/2003).

4.2 Erfðalög nr. 8/1962.

Í erfðarétti er fjallað um hverjir eru erfingjar og hvernig arfur skiptist á milli þeirra. Erfðir felast í því að réttindi og skyldur látins einstaklings falla til dánarbús hans sem gengur síðan til eins eða fleiri erfingja (Hrefna Friðriksdóttir, 2013). Erfingjar geta annað hvort verið lögerfingjar eða viðkomandi getur orðið erfingi samkvæmt erfðaskrá. Lögerfingi er sá sem var í hjúskap með hinum látna, foreldrar, föðurforeldrar og móðurforeldrar (Erfðalög nr. 8/1962). Börn hins látna og afkvæmi þess eru líka lögerfingjar, en það á við um þau sem hafa verið feðruð samkvæmt ákvæðum barnalaga og jafnframt börn sem hafa verið getin áður en

hinn látni féll frá en er ófætt sem og kjörbörn (Erfðalög nr. 8/1962). Börn og maki hins látna eru jafnframt skylduerfingjar, sem þýðir að skylda er að þessir einstaklingar erfi 1/3 eigna hins látna, en í þessu er talið felast ákveðin vernd og öryggi.

Stjúpbörn eru ekki talin vera lögerfingjar. Í 8. gr. erfðalaga segir að eftirlifandi maki getur setið í óskiptu búi með ófjárráða stjúpbarni ef að þeir sem fara með forsjá barnsins gefa samþykki sitt. Ef hins vegar eftirlifandi maki fer með forsjá yfir stjúpbarni sínu þarf viðkomandi ekki að leita samþykkis (Erfðalög nr.8/1962). Ef það kemur sérstaklega fram í erfðaskrá hins látna að eftirlifandi maki megi sitja í óskiptu búi geta stjúpbörn ekki gert þá kröfu að viðkomandi víki en geta beðið um skiptingu bús með árs fyrirvara eða þremur mánuðum eftir að þeir verða fjárráða (Erfðalög nr. 8/1962). Kenningar

4.3 Fjölskyldukerfiskenningin (e. Family Systems Theory).

Fjölskyldukerfiskenningin (e. Family Systems Theory) var sett fram af Murray Bowen á 7. og 8. áratug síðustu aldar. Samkvæmt kenningunni á að líta á fjölskylduna sem samtvinnað félagslegt kerfi (Walsh og Harrigan, 2003).

Fjölskyldan er kerfi sem takmarkast ekki við líffræðileg eða lagaleg tengsl heldur er fjölskyldan hópur sem með tímanum hefur þróað samskiptamynstur sem stjórnar hegðun einstaklings út ævinnar (Walsh og Harrigan, 2003). Fjölskyldan er heild sem samanstendur af minni undirkerfum milli einstaklinga með ólík sambönd sem eru öll tengd og háð hvort öðru (Pryor, 2014). Hver fjölskylda gæti samanstaðið af nokkrum undirkerfum, til dæmis gæti samband tveggja systkina verið eitt og foreldrasambandið annað. Þá gengur kenningin út frá því að samband milli þriggja einstaklinga sé mun stöðugra heldur en parasamband (Baham, Weimer, Braver og Fabricius, 2008).

Hegðun eins einstaklings í kerfinu, til dæmis barns, getur verið afleiðing af samskiptum milli tveggja einstaklinga í sömu fjölskyldu, til dæmis foreldra. Þannig segir fjölskyldukerfiskenningin að ekki er hægt að skilja hegðun einstaklings án þess að horfa til kerfisins sem hann er hluti af. Lykilþáttur í fjölskyldukerfiskenningunni er hæfni fjölskyldna til að halda stöðugleika þegar ytri breytingar verða. Auk þess eru einstaklingar innan kerfisins sífellt að reyna að finna jafnvægi á milli tveggja þarfa, þarfarinnar til að lifa sjálfstæðu lífi og þarfarinnar til að tengjast tilfinningaböndum (Walsh og Harrigan, 2003; Pryor, 2014).

Rannsakendur stjúpfjölskyldna notast gjarnan við fjölskyldukerfiskenningar til að lýsa því hvaða áhrif myndun nýrra fjölskyldukerfa geta haft á aðra þætti innan fjölskyldunnar. Í

rannsóknnum hefur athyglinni verið beint frá einstaklingnum yfir á samskipti innan undirkerfa í fjölskyldunni (Afifi, 2008). Þegar utanaðkomandi áreiti á sér stað þarf fjölskyldan að endurskipuleggja sig til þess að finna stöðugleikann þegar hlutverk fjölskyldumeðlima riðlast líkt og við myndun stjúp-fjölskyldu. Nýja stjúp-fjölskyldan nær jafnvægi þegar hún hefur öðlast hæfni til þess að endurskipuleggja sig á tímum breytinga (Pryor, 2014; Valgerður Halldórsdóttir, 2012).

4.4 Félagsauður fjölskyldunnar (e. Family Social Capital).

Kenningin um félagsauð (e. Social Capital) á rætur sínar að rekja til hagfræðinnar, en í félagsvísindum byggist hún á tvenns konar hefðum. Annars vegar er litið á félagsauð sem menningarlegt fyrirbæri sem sameinar einstaklinga í gegnum sameiginleg gildi og norm og skapar þannig eina félagsheild. Hins vegar er litið á félagsauð sem félagsgerðarlegt (e. structural) fyrirbæri þar sem félagsleg tengsl milli einstaklinga veita hópum aðgengi að björgum til þess að vera starfhæfar (Pryor, 2014; Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson, 2010). Í þessu tilfalli verður fjallað um félagsauð sem félagsgerðarlegt fyrirbæri. Ef horft er á kenninguna út frá fjölskyldum eru félagsleg samskipti og tengslanet uppspretta bjarga sem hver fjölskylda hefur til þess að vera starfhæf. Þannig fjárfesta einstaklingar í samböndum sem veitir innistæðu sem hægt er að endurheimta þegar þess krefst (Pryor, 2014). Uppspretta fjármagnsins í kjarnafjölskyldu er aðallega byggt á parinu í hverri fjölskyldu. Hvert par býr sér til reglur, væntingar og hefðir sem skapar sjálfsmynd fjölskyldunnar. Önnur uppspretta fjármagnsins getur einnig verið kynslóðatengsl þar sem gildum er miðlað milli kynslóða (Pryor, 2014). Samstaða innan fjölskyldunnar og sú tilfinning að tilheyra einhverri heild veitir einstaklingnum aðgengi til þess að innheimta fjármagnið.

Stjúp-fjölskyldur hafa ekki sömu möguleika og kjarnafjölskyldur til þess að nota fjármagn fjölskyldunnar. Samstaða innan stjúp-fjölskyldu er gjarnan brothættari. Tvenns konar gildi og norm koma saman sem gæti myndað togstreitu (Pryor, 2014).

4.5 Tengslakenning John Bowlby og Mary Ainsworth.

Tengslakenningin (e. Attachment Theory) var fyrst sett fram af barnageðlækninum John Bowlby. Kenningin fjallar fyrst og fremst um að tengsl milli foreldra og barna séu undanfari allra framtíðartengsla barnsins. Gæði tengsla milli umönnunaraðila og barns hefur áhrif á getu barns til þess að mynda traust tengsl og upplifa öryggi í framtíðinni (Berk, 2009; Sæunn

Kjartansdóttir, 2015). Í upphaflegri kenningu Bowlby var mikilvægasti umönnunaraðili barns móðir þess, en síðar var farið að tala um umönnunaraðila frekar en móður. Ekki er algilt að fyrsti umönnunaraðili sé endilega líffræðileg móðir barns og auk þess mynda börn gjarnan tengsl við aðra sem eru þeim jafn mikilvægir (Berk, 2009; Sæunn Kjartansdóttir, 2011). Þegar hlutverk feðra varðandi tengslamyndun hefur verið rannsakað, hefur það leitt í ljós að tengslamyndun barna við feður er jafn mikilvæg og tengslamyndun við móður (Ludolph og Dale, 2012).

Mikilvægt hugtak í tengslakenningu Bowlby er tengslahegðun (e. attachment behaviour). Tengslahegðun felur í sér hegðun barns sem hefur það hlutverk að færa umönnunaraðila og barn nær hvort öðru. Tengslahegðun lýsir sér þannig að barn sýnir viðbrögð við umönnunaraðila eins og að gráta, og grætur því eða eltir hann við aðskilnað. Bowlby hélt því fram að þessi hegðun væri okkur eðlislæg með þann tilgang að vernda einstaklinginn fyrir utanaðkomandi vá (Sæunn Kjartansdóttir, 2011). Samstarfskona Bowlby, Mary Ainsworth þróaði kenninguna hans áfram. Hún notaði hugtakið örugg höfn (e. secure base) til að lýsa sambandi barns við umönnunaraðila og því andrúmslofti sem barn upplifði í nálægð við hann. Þannig gæti barn farið sínar eigin leiðir og kannað nærumhverfi sitt svo lengi sem það vissi af umönnunaraðila sínum nálægt (Sæunn Kjartansdóttir, 2011). Mary Ainsworth greindi frá nokkrum tegundum af tengslum í gegnum rannsóknaraðferð sem hún nefndi Strange Situation Test, en sú aðferð fólst í því að umönnunaraðili yfirgefi barn sitt í skamman tíma með ókunnugri manneskju. Tengslin voru þá flokkuð eftir viðbrögðum barnsins við aðskilnað. Ainsworth skipti tengslunum í þrjá flokka. Þá var það örugg tengsl (e. secure attachment) og óörugg tengsl sem var skipt í tvennt, forðunartengsl (e. insecure-avoidant) og tvíþendin tengsl (e. insecure ambivalent). Seinna var hugtakinu ringluð tengsl (e. insecure-disorganized) bætt við kenninguna hennar. Ringluð tengsl má gjarnan sjá hjá börnum sem hafa orðið fyrir vanrækslu eða ofbeldi (Ludolph og Dale, 2012; Sæunn Kjartansdóttir, 2011).

Annað mikilvægt hugtak í tengslakenningunni er innra vinnulíkan (e. Internal working model) sem snýr að því að barn byggir upp líkan af sjálfu sér og öðrum út frá samskiptum við sína nánustu. Óörugg tengslamyndun gerir það að verkum að barn upplifir sig áhrifalítið og væntir ekki góðs af öðrum. Að sama skapi getur hlýlegt og jákvætt samband milli foreldris og barns ýtt undir að barnið þrói með sér öruggari sjálfsmynd, tilfinningalegan skilning og betri félagsfærni (Berk, 2009; Sæunn Kjartansdóttir, 2011). Það er ekki algilt að tengslin sem

maður myndar á fyrstu árum ævinnar haldist út ævina, en með samskiptum við nánustu umönnunaraðila viðhaldast tengslin. Áföll eða stórar breytingar, eins og skilnaður eða togstreita á milli foreldra getur grafið undan tengslum foreldra og barna. Þá geta tengslin farið úr því að vera örugg tengsl í óörugg tengsl. Þess vegna þurfa börn tækifæri til þess að umgangast báða foreldra reglulega þrátt fyrir að skilnaður eða sambúðarslit eigi sér stað í frumbersku. Barn sem ver jafn miklum tíma hjá foreldrum getur upplifað þau bæði sem örugga höfn (Ludolph og Dale, 2012; Sæunn Kjartansdóttir, 2015). Óörugg tengslamyndun við umönnunaraðila í barnæsku getur haft áhrif á tengslamyndun við manns eigið barn síðar á lífsleiðinni. Það er samt sem áður ekki óumflýjanlegt að endurtaka mynstur foreldra sinna (Berk, 2009; Sæunn Kjartansdóttir, 2015).

5 Innlendar rannsóknir

Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar fór fjölskyldurannsóknum fjölgandi. Fræðimenn fóru í auknum mæli að rannsaka áhrif skilnaðar á börn og fylgifiska þess. Fyrsta íslenska fjölskyldu rannsóknin var gerð árið 1994, en það ár var hefur verið kallað ár fjölskyldunnar. Sú rannsókn fjallaði um uppeldisskilyrði barna í fimm ólíkum fjölskyldugerðum (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknir sem hafa verið gerðar hérlandis. Ekki er hægt að alhæfa að öllu leyti um hverjar afleiðingar af skilnaði eru fyrir fjölskyldur enda ekki um einsleitan hóp að ræða. Hér verða helst skoðaðar þrjár rannsóknir, en fyrst verður sagt frá rannsókninni Áfram foreldrar eftir Sigrúnu Júlíusdóttur og Nönnu K. Sigurðardóttur (2000) sem fjallar um velferð barna og sameiginlega forsjá í kjölfar skilnaðar. Næst verður sagt frá rannsókninni Ungmenni og ættartengsl eftir Sigrúnu Júlíusdóttur, Jóhönnu Rósu Arnardóttur og Guðlaugu Magnúsdóttur (2008) en þar voru rannsakaðir nemendur í þriðja bekk framhaldsskóla sem áttu frásilda foreldra. Einnig verður fjallað um rannsóknina Eftir skilnað eftir Sigrúnu Júlíusdóttur og Sólveigu Sigurðardóttur (2013) en það er rannsókn sem fjallar um hvaða breytingar verða á fjölskyldusamskiptum og kynslóðatengslum við skilnað foreldra.

5.1 Verri lífskjör

Sú röskun sem fylgir skilnaði og sambúðarslitum er einn þáttur sem skapar hvað mest álag í lífi fullorðinna sem og í lífi barna. Börn sem upplifað hafa skilnað foreldra sinna eru líklegri til þess að glíma við tilfinningaleg, geðræn og félagsleg vandamál (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Talið er að tengslarof við annað foreldrið, oftast í kjölfar brottflutnings föður, skert samskipti við hann og foreldra hans, búferlaflutningar og skólaskipti með tilheyrandi breytingum á vínahópum séu mestu áhrifavaldar á líðan barna í kjölfar skilnaðar (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Heilsufar og líðan foreldra getur haft mikið forspárgildi um líðan barna, ekki síst eftir skilnað, þar sem skilnaður felur oft í sér erfiðleika foreldra að hugsa um aðra en sjálfa sig fyrst um sinn. Jafnframt gætu foreldrar átt í erfiðleikum með að aðgreina eigin tilfinningar frá tilfinningum barna sinna (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Í rannsókninni Ungmenni og ættartengsl upplifðu þeir viðmælendur sem höfðu upplifað skilnað foreldra sinna oftast sorg og depurð. Börnin upplifðu síður að þau voru

metin að verðleikum, fannst þau ekki eins gildir þátttakendur í fjölskyldunni og voru frekar utanveltu (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Í sömu rannsókn kom fram að hlutfall ungmenna sem að vinna með námi er hærra hjá þeim sem reynt hafa á skilnað foreldra sinna, en þau voru einnig líklegri til þess að greiða sjálf fyrir upphald sitt. Tómsstundir voru frekar greiddar af þeim ungennum sem höfðu reynt á skilnað foreldra sinna, líklegri vegna minni möguleika á fjárhagslegri aðstoð auk aukinnar ábyrgðar og sjálfstæði í kjölfar skilnaðar. Ungmenni sem reynt höfðu á skilnað voru líklegri til þess að vera flutt úr foreldrahúsum. Svörin fyrir þessu voru í 24% tilfella vegna þess að þau vildu losna að heiman (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

Í lífsskjarakönnun sem gerð var af Hagstofu Íslands árið 2014 komu heimili einstæðra foreldra gjarnan verr út úr lífsskjaramælingum en aðrar heimilisgerðir. Þegar skoðuð eru heimili sem búa við skort á efnahagslegum gæðum má sjá að árið 2014 bjuggu 20,3% heimila með einstæðum foreldrum við skort á efnahagslegum gæðum og 4,5% við verulegan skort. Til samanburðar á heimilum með tveimur fullorðnum og einu barni voru 1,3% sem bjuggu við skort á efnahagslegum gæðum en aðeins 0,2% sem bjuggu við verulegan skort. Skortur á efnahagslegum gæðum er til dæmis að hafa ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni, að hafa ekki efni á kjöti, fiski, eða sambærilegri grænmetismáltíð, að minnsta kosti annan hvern dag, að hafa ekki efni á heimasíma né farsíma, sjónvarpstæki eða bíl. Þessar tölur geta gefið vísbendingar um lakari stöðu heimila þar sem einungis eitt foreldri býr (Hagstofa Íslands, 2014). Þetta samræmist einnig niðurstöðum úr skýrslu OECD þar sem fjölskyldur með einu foreldri eru í meiri hættu á að vera við eða undir fátækramörkum heldur en heimilisgerð með fleiri fullorðnum (OECD, 2011).

5.2 Langtímaáhrif

Félagslegar aðstæður og samskipti skilnaðarforeldra skipta miklu máli þegar það kemur að uppeldisskilyrðum barna. Í rannsókninni Eftir skilnað var meginniðurstaðan sú að breytingarnar sem fylgja skilnaði geta haft áhrif á fjölskyldukerfið í heild en þá er helsti áhrifaþátturinn foreldrarnir sjálfir. Skilnaði fylgja óhjákvæmilega gjarnan búsetuskipti, hlutverkariðlun og aukinn kostnaður sem þrengir fjárhag og gerir ráðstöfunartekjur rýrari. Lífshættir og samskipti í öllu fjölskyldukerfinu þurfa á endursmíðum að halda. Hvernig til tekst veltur allt á vilja beggja foreldra til samstarfs, en talið er að það sé einn helsti áhrifaþáttur þegar kemur að langtímaáhrifum skilnaðar. Góð foreldrasamvinna leiðir af sér

meiri sátt og vellíðan fyrir barnið og minni röskun á tengslum þess við foreldra og stórfjölskyldu (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Við skilnað geta orðið breytingar á fjölskyldutengslum, þá sérstaklega við það foreldri sem að flytur í burtu og stórfjölskyldu þess. Í rannsókninni Ungmennni og ættartengsl var mikill munur á milli þess hvort barn taldi móður og föður þegar til nánustu fjölskyldumeðlima. Tengslin við stórfjölskylduna voru einnig minni. Ungmennni leituðu mest til móður, og því næst vina ef þeim leið illa eða höfðu áhyggjur, sem sýnir hvernig staða föður í fjölskyldu getur verið mjög rýr (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Hlutverk mæðra í daglegri umönnun var einnig meiri en hjá feðrum í rannsókninni Áfram foreldrar. Að einhverju leyti má skýra það með því að búseta barnsins er oftast hjá móður. Þannig hafði móðir oftast það hlutverk að koma barninu í skóla, tómstundastarf, til læknis eða að sinna því í veikindum (Sigrún Júlíusdóttir, 2000).

Í rannsókninni Eftir skilnað kom í ljós að hjá þeim fjölskyldum þar sem mæður höfðu stærra hlutverk í daglegu lífi barna voru gjarnan hefðbundnari viðhorf til kynjanna hvað varðar uppeldi. Þannig var það oft móðir sem réði því hvernig samvistum föður og barns var háttað, þær voru ekki eins viljugar til þess að deila ábyrgðinni á barninu eða taka tillit til hins foreldrisins (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Það sem hefur áhrif á tengsl og samskipti innan fjölskyldu er þá oft sýnileiki fjölskyldumeðlima (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Í rannsókninni Ungmennni og ættartengsl var faðir gjarnan séður sem blóraböggull fyrir vandamálum fjölskyldunnar, þá sérstaklega í augum ungmenna sem voru 16 ára og eldri þegar skilnaður foreldra átti sér stað. Þetta er ekki algild regla en dæmi eru um það að sambönd barna við feður sína styrkjast við skilnað og verða meiri (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Þegar börnin eldast verða samskiptin einnig oft öðruvísi og ráðast þá meira af daglegu lífi barnanna. Svarendur í rannsókninni Áfram foreldrar sem voru 40 ára og eldri sögðu að börn þeirra dvelji þriðju hverja helgi eða sjaldnar hjá föður sínum. Hér gæti verið að samskipti breytist vegna félagslífs og sjálfstæði unglinga (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Það hefur mikil áhrif á samvistir barns og foreldris þegar börn eru getin utan sambands og deila jafnvel aldrei heimili með öðru foreldri sínu. Í rannsókninni Áfram foreldrar sagði þriðjungur mæðra enga umgengni eiga sér stað á milli barns og föður

ef barn var getið utan sambands, og aðeins 10% fylgdu fyrirfram ákveðnu samkomulagi (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2008).

Í Ungmenni og ættartengsl kom fram að innan árs hafa foreldrar hafið nýja sambúð í 26-31% tilfella. Jafnframt höfðu í 59% tilvika orðið til stjúptengsl og í 25% tilfella áttu foreldrar tvær eða fleiri sambúðir að baki. Feður fara oftast en mæður í aðra sambúð innan við ár frá skilnaði, jafnvel margar sambúðir sem ala af sér ný börn. Í þeim tilfellum þar sem stjúptengsl myndast er hættu á að tengsl við það blóðforeldri minnki enn meira (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Í rannsókninni Eftir skilnað kom í ljós að mæður sem hófu nýja sambúð í kjölfar sambandsslita lögðu oft mikla áherslu á að barnið aðlagðist stjúpföður í staðinn fyrir að styrkja tengsl við blóðföður. Þetta voru mæður sem lögðu mikla áherslu á stöðugleika í lífi barnsins og töldu það best að barn ælist upp hjá einni fjölskyldu og að móðir færi ein með forsjá. Í sömu rannsókn kom fram að börn og unglingar geta verið viðkvæm fyrir nýjum maka eða nýjum tengslum í lífi foreldranna. Það þykir mikilvægt að börn og unglingar fái að vera þátttakendur þegar nýr maki kemur til sögunnar, en höfnun getur verið algeng upplifun við tilkomu stjúpforeldris (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Fjölskyldukerfi innan stjúpfjölskyldu eru iðulega flóknari en önnur þar sem fleiri einstaklingar tilheyra stjúpfjölskyldunni. Einstaklingar gætu verið stjúpsystkini þó að þeir hafi aldrei hist komi stjúptengslin til seinna á lífsleiðinni. Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttir o.fl. (2008) um reynslu og sýn skilnaðarungmenna til fjölskyldumálefna kom fram að makar kynforeldris voru í 75% tilvika taldir til nánustu fjölskyldumeðlima og hálf systkini sem höfðu lögheimili á sama stað voru í 62% tilvika talin til nánustu fjölskyldumeðlima. Í 30% tilvika voru hálf systkini sem ekki áttu lögheimili á sama stað talin til nánustu fjölskyldumeðlima (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

5.3 Kynslóðatengsl

Skert kynslóðatengsl geta verið óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að tengsl við það foreldri sem fer af heimilinu minnka í kjölfar skilnaðar og sambúðarslita. Móðurleggur hafði meira vægi í lífi ungmenna í rannsókninni Ungmenni og ættartengsl, en mæður eru einnig líklegri til þess að leita sér aðstoðar hjá stórfjölskyldu og vinum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Þó að tengsl við móðurfjölskyldu hörfi þá er sjaldgæft að stuðningur frá föðurfjölskyldu vegi upp á móti (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Í rannsókninni Áfram foreldrar mátti sjá marktækan mun á milli kynjanna á þann veg að

foreldrarnir gefa upp hærrí títíni um tengsl barnanna við sína foreldra en um tengsl þeirra við afa og ömmu hinum megin. Í 42% tilvika sögðu foreldrarnir að börnin væru aðra hverja helgi eða oftár hjá móðurömmu, því næst í 37% tilvika hjá móðurafa, 29% hjá föðurömmu og 26% hjá föðurafa. Jafnframt var greint frá því að í 78% tilvika hafði dregið úr samskiptum við fyrrverandi tengdafjölskyldu (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Í Eftir skilnað voru bæði amma og afi sammála um mikilvægi þess að viðhalda tengslum en ekki margir sem að reyndu markvisst að viðhalda þeim. Foreldrar og amma og afi upplifðu að tengsl við ömmu og afa gátu virkað sem félagslegur stöðugleiki og þá gæti skipt sköpum fyrir sjálfsmynd barnanna að þekkja sitt bakland og vita af fjölskyldu sem stæði við bakið á þeim. Hjá þeim fjölskyldum þar sem mikill ágreiningur var á milli foreldra smitaði það gjarnan yfir á afa og ömmu og hafði áhrif á tengsl barnanna við þau (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Skerðing á tengslum getur haft áhrif á tengslanet foreldra og barna en það getur líka haft áhrif á tengslanet ömmu og afa og þá aðstoð sem þeim er veitt. Tilfinningaleg nánd milli tveggja einstaklinga hefur forspárgildi um veittan stuðning, hvort sem um ræðir áþreifanlegan stuðning eins og fjárhagsstuðning eða annan stuðning. Stjúptengsl eru veikari en blóðtengsl. Það eru minni líkur á að börn veiti stjúpforeldrum sínum stuðning heldur en foreldrum sínum og öfugt (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Hér á landi taka fjölskyldur, vinir og nágrennar mikinn þátt í því að veita öldruðum aðstoð. Þriðjungur aldara fá eingöngu óformlega aðstoð frá fjölskyldu og vinum og er þáttur barna mikill í óformlegri aðstoð. Flestir fá aðstoð frá mökum sínum séu þeir til staðar, síðan frá börnum, tengdabörnum og barnabörnum (Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2010)

Ósamkomulag og erjur, ásamt niðurbroti í samskiptum foreldranna eftir skilnað hefur skýrt forspárgildi um aðlögun og líðan barna í kjölfar skilnaðar. Röskun eða rótleysi í lífi barnsins með þeim afleiðingum að barnið er svipt öryggi í tilveru sinni hefur einnig forspárgildi um aðlögunarhæfni barns eftir skilnað. Talið er að brostið eða ófullnægjandi foreldrasamstarf sé einn þáttur í því að afleiðingar skilnaðarins eldist með börnum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Það að viðhalda fjölskyldutengslum sem voru mikilvæg fyrir skilnað er talið skaðaminnkandi fyrir framtíðina. Þegar forsjá er sameiginleg á milli foreldra leita þeir mun meira til hvors annars þegar eitthvað þjatar á. Þá hafa þeir viðurkennt áframhaldandi foreldrasamstarf, en það er einn þáttur sem getur dregið úr tengslaleysi (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Það dregur minna úr

tengslaleysi hjá stórfjölskyldunni og áhrif skilnaðarins verða ekki eins alvarleg þegar að foreldrar deila forsjá. Það verður einnig eðlilegra og auðveldara að styðja sig áfram við fjölskyldunetið ef forsjáin er sameiginleg (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

6 Erlendar rannsóknir

Niðurstöðum rannsókna ber ekki alltaf saman þegar meta á langtímaáhrif skilnaðar. Sumar rannsóknir hafa sýnt fram á að börn sem upplifa skilnað foreldra sýna engin ummerki á fullorðinsárum, á meðan aðrar sýna að oft glíma þessi börn við geðrænan vanda sem varir fram á fullorðinsárin. Ahrons (2007) greinir frá því að vandinn við skilnaðarrannsóknir sé oft sá að rannsakendur notist við mismunandi mælistikur til þess að mæla sama hlutinn og láti stjórnast af fyrirfram gefnum hugmyndum við túlkun niðurstaðna.

Í þessum kafla verða skoðaðar erlendar rannsóknir á áhrif skilnaðar á foreldra og börn.

6.1 Tengsl barna og foreldra

Ahrons (2007) gerði rannsókn um langtíma áhrifskilnaðar út frá sjónarhorni barna. Þegar þátttakendur rannsóknarinnar voru spurðir að því hvernig skilnaðurinn hafi haft áhrif á samskipti barna við foreldra sína 20 árum seinna, voru flestir sem sögðu frá ágætu sambandi við þá. Það var þá ekki sérstaklega eftirsóknarvert af hálfu barna að foreldrar þeirra væru sérstaklega miklir vinir. Það var þeim þó mikilvægt að þau gátu verið vinaleg við hvort annað, þá sérstaklega í tengslum við tímamót í lífi barnsins sem krafðist þess að báðir foreldrar voru viðstaddir. Hjá foreldrum þar sem enn var mikil togstreita eða gremja gagnvart hvort öðru, upplifðu börnin enn mikla hollustuklemmu ef þau voru í samskiptum við báða foreldra. Aðstæður þar sem foreldrarnir komu saman voru streituvaldandi og upplifðu börnin gjarnan brostnar væntingar í kringum mikilvæg tímamót. Átök á milli foreldra gerðu það að verkum að annað foreldrið var í minni tengslum við barnið sitt. Það sem skipti mestu máli upp á gæði sambands barns og foreldris sem ekki bjó á heimilinu voru samskipti milli foreldranna annars vegar og milli foreldra og barns hins vegar fyrstu fimm árin eftir skilnað.

Tilkoma stjúp fjölskyldu var annar liður í skilnaðarferlinu sem gjarnan var metinn erfiðari en skilnaðurinn sjálfur. Helstu erfiðleikarnir þóttu felast í þeim breytingum sem urðu á eðli sambands foreldris og barns (Sumner, 2013). Breytingar sem verða á heimili þegar nýr maki flytur inn geta haft áhrif á eðli sambands milli foreldra og barna. Fyrstu árin við myndun stjúp fjölskyldu á samband milli mæðra og dætra það til að skaðast (Pryor, 2014). Í rannsókn sem lýsir sambandi mæðgna eftir skilnað kemur fram að gott samband er á milli þeirra í allt að sex ár frá skilnaði þegar skilnaður á sér stað fyrir 10 ára aldur. Í samböndum þar sem

móðir hafði gífst á ný voru enn deilur á milli mæðgna í allt að sex ár eftir skilnað. Dæturnar í rannsókninni áttu ekki eins hlýlegt samband við mæður sínar og áttu það til að vera mótsnúnar þeim við tilkomu stjúp fjölskyldu (Cartwright, 2008). Drengir í sömu rannsókn voru einnig erfiðir viðureignar, en samband mæðra við syni sína einkenndist oft af þvingunaraðferðum og átökum. Þegar mæður giftust á ný breyttist hegðun drengjanna (Cartwright, 2008).

Áhugavert var í rannsókn Ahrons (2007) að alsystkini upplifðu skilnaðinn gjarnan á mismunandi hátt og var það ekki endilega tengt aldri við skilnað eða systkinaröð. Þess í stað var það skylt því hvernig viðkomandi átti í sambandi við foreldrið fyrir skilnaðinn og hvort að ákveðið bandalag hafi myndast á milli undirkerfa í fjölskyldunni, þar sem eitt systkini var hliðhollara öðru foreldrinu. Þessi hollusta heldur iðulega áfram lengi eftir að skilnaður hefur átt sér stað (Sumner, 2013).

Í rannsókn sem gerð var af Adam Shapiro (2003) um samskipti foreldra og fullorðinna barna í kjölfar skilnaðar kom þetta einnig í ljós. Hann komst að því að ekki er beint orsakasamband milli tengsla fjölskyldumeðlima og skilnaðar, heldur skiptir samband og atburðarrás fyrir skilnaðinn miklu máli. Því lengur sem foreldri og barn voru samferða í æsku því jákvæðari tilfinningar voru gagnvart sambandinu. Það foreldri, oftast feður, sem hörfar af heimilinu fær færri tækifæri til þess að fjárfesta í sambandinu við barn sitt. Þá var skyldleiki ekki nægilegur til þess að byggja tengsl heldur þurfti að fjárfesta í samböndum (Kalmijn, 2013).

Þegar skilnaður átti sér stað og börnin voru komin á fullorðinsaldur upplifðu þau oftast neikvæðar tilfinningar gagnvart föður, en viðvarandi neikvæðar tilfinningar sem móðir hefur gagnvart fyrrverandi maka sínum gátu einnig vakið upp gremju barns gagnvart móður sinni (Sumner, 2013). Greenwood (2014) gerði eigindlega rannsókn á upplifun ungmenna á skilnaði foreldra sinna. Áttu þessir viðmælendur það allir sameiginlegt að vera komnir á fullorðinsár við skilnaðinn. Greenwood fann að meginmunurinn á skilnaði sem á sér stað í æsku og svo á fullorðinsaldri er sá tími sem hefur verið varið saman sem ein fjölskylda. Það sem skipti sköpum á því hvernig skilnaðurinn hafði áhrif á viðmælendur var upplifun þeirra af samabandi foreldra sinna fyrir skilnaðinn, hvort að foreldrar voru að ætlast til ákveðins stuðnings, og hvort að viðmælendur voru notaðir sem miðlarar, trúnaðarmenn og áttu aðild að því að semja um sáttir. Ungmönnum sem tóku þátt í rannsókninni fannst breytingar á

fjárhag fjölskyldunnar sérstaklega erfiðar, en skilnaðurinn breytti því oft hversu mikinn fjárhagslegan stuðning ungmennin fengu, og jafnvel gætu þau upplifað ábyrgðartilfinningu ef annað foreldrið lenti í fjárhagsvandræðum í kjölfar skilnaðarins. Greenwood (2014) fann að þau ungmenni sem sáu að foreldrar þeirra áttu ekki samleið tækludu skilnaðinn betur. Ungmenni sem höfðu lifað við stormasamt samband foreldra sinna fundu einnig fyrir létti við skilnað. Í 25 ára langtímarannsókn þar sem sjö börnum sem reynt höfðu á skilnað foreldra sinna var fylgt eftir var þetta einnig niðurstaðan. Börn sem upplifa foreldra sína hamingjusama í kjölfar skilnaðar eru líklegri til þess að verða ekki fyrir eins miklum áhrifum af honum heldur en þau börn sem upplifa togstreitu á milli foreldra sinna (Wallerstein, Lewis, Blakeslee, 2000). Skilnaður í fjölskyldum hafði einnig áhrif á ömmu og afa, frænkur og frænda í rannsókn Ahrons (2007). Þá gat það sett barnið í hollustuklemmu að hafa samband við föðurætt eða móðurætt ef átök voru á milli móður og föður.

Wallerstein o.fl. (2008) halda því fram að afleiðingar af skilnaði komi ekki almennilega í ljós fyrir en á fullorðinsárum, þegar það kemur að því velja sér maka. Hún hélt því fram að einstaklingar sem hafa upplifað skilnað foreldra sinna velji sér gjarnan maka út frá þægindum og þeir reyna allt sem þeir geta til þess að komast hjá skilnaði í sínu eigin sambandi. Þegar skilnaður á sér stað þegar börn eru komin á fullorðinsaldur getur það leitt til þess að þau missi sjálfstraust á sambandinu sínu, jafnframt er viðhorf þeirra til hjónabands öðruvísi en hjá þeim einstaklingum sem hafa ekki upplifað skilnað foreldra sinna (Sumner, 2013). Rannsókn sem gerð var á fjölskyldugerð fráskilinna barna leiddi í ljós að skilnaður og myndun nýrrar stjúpjölskyldu ýtir undir að dætur fari í sambúð og eignist barn utan hjónabands. Jafnframt sýndi þessi sama rannsókn að hjónaband foreldra ýtir undir að dætur fara sjálfar í hjónaband, jafnvel þó að hjónaband foreldra einkennist af togstreitu og átökum. Ungmenni sem eiga fráskilda foreldra eru mjög líkleg til þess að vera með óhefðbundin viðhorf gagnvart hjónabandi og að eignast börn utan hjónabands (Wallerstein o.fl., 2008).

6.2 Bakland

Shapiro (2003) komst að því að börn sem hafa upplifað skilnað foreldra sinna eru ólíklegri til þess að biðja um aðstoð. Tengsl foreldra við börnin sín breytast. Þau eru líklegri til að talast sjaldnar við, búa fjær hvort öðru, og félagslegur stuðningur er heldur ekki eins mikill. Ástæðan gæti komið úr báðum áttum, það er að segja að skilnaður gæti gert foreldri frjálsgri og ekki bundið sama stað, en skilnaðurinn gæti líka gert börnin fjarlægari til þess

að forðast það að verða miðlari á milli foreldra sinna (Shapiro, 2003). Þegar skilnaður á sér stað þegar börn eru komin á fullorðinsaldur er ekki óalgengt að þau upplifi það að þurfi að hugsa um foreldrið sitt. Þetta er þó algengast fyrstu fimm árin í kjölfar skilnaðar en ekki langtímaáhrif (Sumner, 2013). Rannsókn sem gerð var í háskólanum í Missouri í Bandaríkjunum leitaðist eftir að skoða veitta aðstoð á milli kynslóða og hvað stjórnaði því. Þá voru 1.025 fullorðnir spurðir um mögulega atburði sem varða það að þiggja og veita aðstandendum aðstoð og hvað þau myndu gera í þeim sporum. Athugað var hvað það var sem réði því að veitt væri aðstoð. Þá kom í ljós að líkur væru á að viðmælendur veittu fjölskyldumeðlimnum aðstoð sem grundvallaðist yfirleitt á fyrri samskiptum. Hafi foreldrar veitt börnum aðstoð í æsku upplifðu þau sig knúin til þess að hjálpa þeim seinna. Niðurstöður þessarar rannsóknar voru á þá leið að skyldleiki hafði mikil áhrif á veitta aðstoð en það var ekki eini hvatinn til þess að veita foreldri eða barni aðstoð. Breytingar í einkalífi fólks, til að mynda skilnaður eða sambúðarslit, riðlaði gjarnan tengslunum. Börn voru ólíklegri til þess að veita foreldrum sína aðstoð ef stjúpforeldri var inni í myndinni, iðulega var gert ráð fyrir að maki foreldrisins myndi sjá um það. Einn galli við rannsóknina var sá að viðmælendur voru spurðir hvað þau myndu gera í aðstæðum sem var lýst fyrir þeim en ekki hvað þau gerðu í raunverulegu aðstæðunum, og gæti því verið misræmi þar á milli. Að lýsa aðstæðum og viðbrögðum í rannsókn getur samt sem áður verið gagnlegt til að mæla gildi fólks (Ganong, Coleman og Rothrauff, 2009).

Börn sem upplifa skilnað foreldra sinna fá almennt minni fjárhagslegan og andlegan stuðning en börn sem áttu foreldra sem voru enn saman (Sumner, 2013). Þá getur verið að veitt aðstoð fari batnandi, það er að segja að börn hjálpi frekar foreldrum sínum eftir því sem lengri tími líður frá skilnaðinum. Uppkomin börn eru einnig almennt viljugri til þess að veita móður sinni aðstoð frekar en föður (Sumner, 2013). Í rannsókn Shapiro og Remle (2011) var kannað hvernig einkalíf foreldra hefur áhrif á fjárhagslegan stuðning sem veittur var fullorðnum börnum þeirra. Niðurstaðan var sú að breyting í einkalífi foreldra, eins og skilnaður, hefur áhrif á veittan félagslegan stuðning til fullorðinna barna í helmingi tilfella. Þeir spá einnig fyrir um að tilkoma stjúptengsla hafi áhrif á veittan fjárhagslegan stuðning á milli kynslóðanna (Shapiro og Remle, 2011). Þessum niðurstöðum ber þó að taka með fyrirvara þar sem sama rannsókn sýndi að ekkjur eða ekkjar veittu einnig börnum sínum minni fjárhagslegan stuðning, en í þeim tilfellum veittu börnin foreldrum sínum frekar meiri stuðning (Shapiro og Remle, 2011).

7 Lokaorð og umræða

Þróun í samfélaginu felur í sér breytingar á lífsháttum. Breytingar á framleiðsluháttum og vinnumarkaði hafa í för með sér breytingar á lífsstíl og samskiptum einstaklinga. Fjölskyldur hafa breyst bæði að formi og gerð og sífellt eru fleiri sambúðarform að ryðja sér til rúms. Ungmenni festa ráð sitt seinna og hefja barneignir seinna. Skilnaðir og sambúðarslit eru orðin hluti af samtímamynstri, ekki bara Íslendinga heldur íbúa um allan heim. Hér á landi endar um þriðjungur hjónabanda með skilnaði. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) spáir því að þessi þróun muni halda áfram og að fólk muni með tímanum gifta sig síður og kjósa þess í stað að skrá sig í sambúð eingöngu.

Markmiðið með þessari ritgerð var að kanna hvernig skilnaður getur haft langtímaáhrif á samskipti foreldra og barna og var rannsóknarspurningin „Hver eru áhrif skilnaðar á samskipti foreldra og barna á fullorðinsárum?“. Til þess að svara þeirri spurning var litið á innlendar og erlendar rannsóknir og þrjár fræðilegar kenningar.

Fjölskyldukerfiskenningin fjallar um að fjölskyldan takmarkast ekki við líffræðileg eða lagaleg tengsl heldur sé það hópur sem samanstendur af minni undirkerfum. Kerfin eru öll tengd og háð hvort öðru. Bæði innlendar og erlendar rannsóknir sýna einmitt að breytingar sem fylgja skilnaði geta haft áhrif á fjölskyldukerfið í heild, þá er það ekki skilnaðurinn í sjálfu sér sem hefur áhrif heldur er það frekar vilji foreldra til samstarfs. Góð foreldrasamvinna leiðir af sér sátt og vellíðan, sem kemur í veg fyrir langtímatogstreitu milli foreldra sem hefur áhrif á barnið. Upplifi barn togstreitu milli foreldra getur það haft áhrif jafnvel 20 árum eftir skilnaðinn, en átök geta haft þær afleiðingar að annað foreldrið, oftast feður, hörfa. Tengslakenning Mary Ainsworth kennir okkur það að hlýlegt og jákvætt samband, ásamt því að barn upplifi alltaf að það eigi örugga höfn hjá báðum foreldrum sínum, getur stuðlað að því að það þrói með sér öruggari sjálfsmynd, betri félagsfærni og tilfinningalegan skilning. Staða föður í lífi barnsins er yfirleitt rýr og þar af leiðandi einnig tengsl barns við föðurfjölskyldu. Hér á landi tekur móðir mun meiri þátt í daglegu lífi barns og í tilfinningalífi þess og barnið leitar meira í aðstoð til stórfjölskyldu hennar. Áhugavert er að í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Sólveig Sigurðardóttur (2013) er talað um að viðhorf til uppeldis og foreldrahlutverks séu mismunandi eftir félagslegri stöðu. Mæður sem hófu nýja sambúð í kjölfar sambandsslita lögðu oft mikla áherslu á að barnið aðlagðist stjúpöður í staðinn fyrir að styrkja tengsl við blóðföður. Það skiptir miklu máli fyrir sjálfsmynd barna að þekkja sitt

bakland og vita af fjölskyldu sem stendur við bakið á þeim. Íslensk ungmenni sem koma frá fjölskyldum þar sem skilnaður hefur átt sér stað upplifðu sig síður metin að verðleikum, fannst þau ekki eins gildir þátttakendur í fjölskyldunni og voru frekar utanveltu. Hætta er á að ef tengslarof milli foreldra og barna varir fram á fullorðinsár þá sýna uppkomin börn fráskilinna foreldra svipaða hegðun og foreldrar þeirra. Þau hörfa og skortir hollustu gagnvart foreldrum sínum á efri árum. Kenningin um félagsauð myndi styðja þá kenningu að ef foreldrar eiga ekki innistæðu fyrir stuðning og aðstoð þá geta þeir ekki innheimt fjármagnið. Rannsóknir segja okkur að líkur á að fjölskyldumeðlimir veiti hvor öðrum aðstoð grundvallast yfirleitt á fyrri samskiptum. Hafi foreldrar veitt stuðning í æsku eru miklar líkur á að þau fái aðstoð þegar þess er þörf. Við skilnað geta tengsl foreldra við börnin sín breyst, þau fá minni áþreifanlegan stuðning eins og hjálp með fjármál en einnig minni andlegan stuðning. Þetta sýna bæði innlendar og erlendar rannsóknir en ungmenni hér á landi eru líklegri til þess að greiða fyrir upphald sitt sjálf og flytja fyrr að heiman. Það er ekki þar með sagt að það tengist skilnaðinum í sjálfum sér en heimili með einstæðum foreldrum búa gjarnan við verri lífskjör heldur en heimili með báðum foreldrum. Fleiri fjölskyldugerðir hafa rutt sér til rúms með þróun í fjölskyldumálefnum. Stjúpfjölskyldur er ein tegund fjölskyldugerðar sem hefur orðið sýnilegri. Stjúpfjölskyldur geta orðið til á margvíslegan hátt og stækkar það fjölskyldu þeirra sem heyra til stjúpfjölskyldna. Þó að sífellt fleiri aðilar séu tengdir í gegnum stjúptengsl er ekki þar með sagt að stuðningsnetið sé sterkara vegna fjöldans heldur þvert á móti, þar sem stjúpforeldrar veita bæði minni stuðning og fá minni stuðning. Bæði innlendar og erlendar rannsóknir sýna að við tilkomu stjúptengsla geta tengsl barns við foreldri rofnað sama á hvaða aldri viðkomandi er, og geta stjúptengsl verið álíka erfið og skilnaðurinn sjálfur. Afleiðingar af þessu geta verið drjúgar, en sem dæmi má horfa til ummönnunar aldraðra. Hér á landi vegur hlutverk fjölskyldunnar í óformlegri ummönnun aldraðra mikið. Aldraðrir fá aðallega aðstoð frá mökum sínum, séu þeir til staðar, síðan frá börnum sínum, tengdabörnum og barnabörnum. Það er áhugavert að vita hver tekur við þeirri ummönnun ef börn finna sig ekki skuldbundin til þess að aðstoða foreldra sína á efri árum.

Ljóst er að með meiri einstaklingshyggju og víkkun í fjölskyldugerðum þarf einnig að auka fræðslu. Áhugavert er að í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Sólveigar Sigurðardóttur (2013) er talað um að viðhorf til uppeldis og foreldrahlutverks séu mismunandi eftir félagslegri stöðu. Jafnframt var algengur misskilningur um hvað fólst í því að vera með sameiginlegt

forræði. Algengt var í þessari rannsókn að umgengni og forræði var ruglað saman, þannig að ef um sameiginlegt forræði var að ræða þurfti umgengi að vera skipt alveg til jafns. Þykir þetta sýna fram á að þörf er á meiri fræðslu þegar að foreldrar eru ekki saman, eða standa í sambúðarslitum og skilnaði. Á þetta er einmitt bent í rannsókn Sigrúnar og Sólveigar. Stjúptengsl er óhjákvæmilegur fylgifiskur í nútíma samfélagi en við sambandsslit er eitt foreldri oft komið í aðra sambúð innan við ár frá þeim en oft er misskilningur á ferðinni um það hvað felst í því að vera í stjúpfjölskyldu. Einstaklingur getur tilheyrt stjúpfjölskyldum jafnvel án þess að gera sér grein fyrir því og þar af leiðandi þarf einnig að auka fræðslu á því sviði (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Meginfallinn við íslenskar rannsóknir er sá að þær fjalla nær eingöngu um skilnað og sambúðarslit sem á sér stað í æsku barna. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að skilnaður getur líka haft áhrif á börn þó að þau séu komin á fullorðinsaldur og það getur einnig átt við þó að langt sé liðið frá skilnaðinum. Breytingar á fjölskyldugerðum hafa í senn í för með sér efnahagslega þróun og félagslega þróun. Breytingar á baklandi einstaklinga vekja upp spurningar um það hvaða hópur vegur upp á móti fyrri hlutverkum fjölskyldunnar. Eru vinir að koma í staðinn fyrir þau eða eru þeir einungis viðbót við bakland ungmenna? Því verður ekki svarað hér en sannarlega er ástæða til að rannsaka það frekar.

Unnur Friðriksdóttir

Heimildaskrá

- Adam, S. (2003). Later-Life Divorce and Parent-Adult contact and proximity. *Journal of Family Issues*, 24(2), 264-285.
- Afifi, T.D. (2008). Communication in stepfamilies: stressors and resilience. Í J.Pryor (ritstjóri), *The international handbook of stepfamilies. Policy and practice in legal, research, and clinical environments* (bls. 299-320). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.
- Ahrons C.R. (2007). Family Ties after Divorce: Long-Term Implications for Children. *Family Process*, 46(1), 53-65.
- Baham, M.E., Weimer, A.A., Braver, S.L. og Fabricius, W.V. (2008). Sibling relationships in blended families. Í J. Pryor (ritstjóri), *The international handbook of stepfamilies. Policy and practice in legal, research, and clinical environments* (bls 175-207). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.
- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Berk L.E. (2010). Development through the lifespan (5. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Cartwright, C. (2008). Resident parent-child relationships in stepfamilies. Í J.Pryor (ritstjóri), *The international handbook of stepfamilies. Policy and practice in legal, research, and clinical environments* (bls. 208-230). Hoboken, New Jersey: John Wiley & Sons, Inc.
- Ganong L. H., Coleman M. Og Rothrauff T. (2009). Patterns of assistance between adult children and their older perantes: Resources, responsibilities and remarriage. *Journal of Social and Personal Relationships*, 26(2-3), 161-178.
- Greenwood J.L. (2014). Effects of a Mid- to Late-Life Parental Divorce on Adult Children. *Journal of divorce and remarriage*, 55(7), 539-556.
- Hagstofa Íslands. (2016). *Mannfjöldapróun 2015*. Hagtíðindi. Sótt af https://hagstofa.is/media/49889/hag_160621b.pdf.
- Hagstofa Íslands. (2015). *Félagsvísar: Skortur á efnislegum gæðum 2014*. Hagtíðindi Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=55063>.
- Hagstofa Íslands. (e.d-a). *Lok hjúskapar og skilaðir að borði og sæng 1951-2011*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06204.px/table/tableViewLayout1/?rxid=f23033b3-697a-45a3-ba73-0dea579cbacc.

- Hagstofa Íslands. (e.d-b). *Hjónavígslur 1951-2011*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Giftingar/MAN06100.px/table/tableViewLayout1/?rxid=aa7ef13a-5553-4892-91d2-09b09f4281ec.
- Hagstofa Íslands. (e.d-c). *Lok sambúðar 1991-2011*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06216.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7d12e463-2cab-48f1-bd36-bf1cc8c1f992.
- Hagstofa Íslands. (e.d-d). *Stofnun sambúðar eftir hjúskaparstétt 1991-2011*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Giftingar/MAN06110.px/?rxid=8f70891a-4dcb-4c68-9a2d-0a6725c47cb7.
- Hagstofa Íslands. (e.d-e). *Hjónavígslur eftir fyrri hjúskaparstétt 1951-2011*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/ErrorGeneral.aspx?aspxerrorpath=/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Giftingar/MAN06102.px/table/tableViewLayout1/.
- Hagstofa Íslands. (e.d-f). *Lifandi fæddir eftir fæðingarröð og hjúskaparstétt móður*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__Faeddirdanir__Faeddir__faedingar/MA N05104.px/table/tableViewLayout1/?rxid=cf62141b-3923-49f0-aa00-218eb7bf37d0.
- Hagstofa Íslands. (e.d-g). *Sambúðarslit og fjöldi barna 1991-2011*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06213.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7702335e-251d-4ad5-82c2-f34cd3bd0304.
- Hagstofa Íslands. (e.d-h). *Lögskilnaðir og forsjá barna úr hjónabandi 1961-2011*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__fjolsk__Skilnadir/MAN06205.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7702335e-251d-4ad5-82c2-f34cd3bd0304.
- Hagstofa Íslands. (e.d-i). *Lifandi og andvana fæddir eftir kyni 1951-2015*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__Faeddirdanir__Faeddir__faedingar/MA N05100.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7d12e463-2cab-48f1-bd36-bf1cc8c1f992.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2013). Fjölskyldu og erfðaréttur. Í Róbert R. Spanó (ritstj). *Um lög og rétt: helstu greinar íslenskrar lögfræði*. (2. Útgáfa). Reykjavík: Codex.
- Kalmijn M. (2013). Adult Children's Relationship with Married Parents, Divorced Parents, and Stepparents: Biology, Marriage or Residence? *Journal of Marriage and Family*, 75(10), 1181-1193.
- Ludolph P.S., og Dale M.D. (2012). Attachment in Child Custody: An additive Factor, Not a Determinative One. *Family Law Quarterly*, 46(1), 1-40.
- OECD. (2011). *The Future of Families to 2030: A Synthesis Report*. Sótt af <https://www.oecd.org/futures/49093502.pdf>
- Pryor, J. (2014). *Stepfamilies: A global perspective on research, policy and practice*. New York: Third avenue.

- Shapiro, A og Remle, R. C. (2011). Generational Jeopardy? Parents' marital transitions and the provision of financial transfers to adult children. *Journal of Gerontology: Social Sciences*. 66(1) 99-108.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). Fjölskyldur við aldarhvörf. Reykjavík: Háskólaútgáfa.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). Ungmenni og ættartengsl. Reykjavík: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Fjölskyldubreytingar, lífsgildi og viðhorf ungs fólks. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 211-224) Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2013). Eftir skilnað: um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl. Reykjavík: Háskólaútgáfa.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna Sigurðardóttir. (2000). Áfram Foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurveig H. Sigurðardóttir. (2010). Hver veitir eldra fólki aðstoð? Eldri borgarar, og opinberir þjónustuaðilar. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson (2010). Félagsauður. Skilgreining og mæling. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 29-38). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- National Stepfamily Resource Center. (e.d). *Stepfamily fact sheet*. Sótt af <http://www.stepfamilies.info/facts-faq>.
- Stjórnaskrá lýðveldisins Ísland 33/1944
- Sumner C.C. (2013). *Adult Children of Divorce: Awareness and Intervention*. *Journal of Divorce and Remarriage*, 54(4), 271-281.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2011). *Tengslakenning John Bowlby*. Sótt af http://www.fyrstutengsl.is/media/PDF/Tengslakenning_John_Bowlbyx.pdf
- Sæunn Kjartansdóttir. (2015). Fyrstu 1000 dagarnir: Barn verður til. Reykjavík: Mál og Menning.
- Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson. (2010). Félagsauður. Skilgreining og mæling. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 29-38). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Valgerður Halldórsdóttir. (2012). Hver er í fjölskyldunni? Skilnaður og stjúp tengsl. Vaka Helgafell. Reykjavík.

Valgerður Halldórsdóttir. (2016) Stepfamilies: Divorce and Reconstruction of Family Relationships [Erindi á ráðstefnu]. VŠ] Šeimos santykių institutas: 7- 8. apríl 2016 Lithuania. The Stepfamily Association in Iceland.

Velferðarráðuneytið. (2001). *Gerð fjölskyldustefnu sveitarfélaga*. Sótt af <https://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/fjolskyldurad/frettir/nr/417>

Wallerstein. J.S., Lewis.J.M. og Blakeslee.S. (2000). Unexpected Legacy of Divorce, a 25 year landmark study. New york: Hyperion.

Walsh. J., og Harrigan, M., (2003). The Termination Stage in Bowen's Family Systems Theory. *Clinical Social Work Journal*, 31(4), 383-394.

Þingskjal nr. 328/2011-2012. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni).